



Fundargerð 3. haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldið í fjarfundi á Teams 19. nóvember 2021

Opnað var inná fundarsvæði á Teams kl 9:30.

Fundurinn hófst kl 10:00.

1) Setning haustþings- skipun þingforseta og fundaritara

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, bauð fundarmenn og gesti velkomna. Einar Már gerði grein fyrir fyrirkomlagi fundar og ástæðum þess að fundurinn er annað árið í röð haldinn sem fjarfundur. Formaður fór yfir að mættir eru til fundarins fulltrúar í bæjar- og sveitastjórnnum á Austurlandi, aðal- og varamenn í svæðisskipulagsnefnd, bæjar- og sveitastjórar, stjórnendur Austurbrúar, auk starfsfólks sem komið hefur að skipulagningu fundarins þ.m.t. ráðgjafar frá Alta. Að þessu sögðu setti Einar Már fundinn.

Að því búnu bar formaður upp tillögu um Jón Björn Hákonarson sem þingforseta og Gunnlaug Sverrisson sem fundaritara, fyrir fundarstjórn á þeim hluta fundarins sem hæfist kl.15:00. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti tók að þessu búnu við stjórn fundarins.

Þingforseti kynnti fyrirkomulag fundarins sem haldinn er sem fjarfundur annað árið í röð vegna sóttvarnaraðgerða. Fundurinn var boðaður til sveitarfélaganna fjórum vikum fyrir fund og full dagskrá send út tíu dögum fyrir fund. Vegna sóttvarnartilmæla var dagskráin skorin niður af stjórn í þau lögformlegu málefni sem þinginu er ætlað að sinna og hófst sú dagskrá kl. 15:00. Einnig var ákveðið að halda samráðsfund í tengslum við svæðisskipulagið. Fundurinn telst löglega boðaður og kallaði þingforseti eftir því ef einhver teldi svo ekki vera. Enginn kvað sér hljóðs. Þingforseti lýsti fundinn lögmetan. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

Þingforseti fól formanni Svæðisskipulagsnefndar Stefáni Boga Sveinssyni og framkvæmdastjóra Austurbrúar og SSA Jónu Árnýju Þórðardóttur, að taka við stjórn á þeim hluta fundarins sem tengist svæðisskipulagi Austurlands.

2) Svæðisskipulag Austurlands

Formaður svæðisskipulagsnefndar, Stefán Bogi Sveinsson fór yfir tilgang markmið svæðisskipulagsins, tengsl þess við aðrar áætlanir og tímálínuna framundan.

Að því loknu gaf hann orðið til Matthildar Kr. Elmarsdóttur og Elínar Guðnadóttur, ráðgjafa hjá Alta. Fulltrúar Alta fóru yfir þann stefnustrúktúr sem verið hefur í mótun hjá svæðisskipulagsnefnd sem og uppbyggingu og markmið þessa fundar. Jafnframt upplýstu fulltrúar Alta að umræðustjórar í fjórum samráðslotum yrðu Stefán Bogi Sveinsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Teitur Helgason og Lárus Hreiðarsson. Flutt voru innslög á fundinn í upphafi hvernar samráðslotu frá Héðni Unnsteinssyni, Tryggva Hjaltasyni, Bergi Ebba Benediktssyni og Helgu Jósepsdóttur.



Að loknum umræðulotunum fjórum, tók Stefán Bogi Sveinsson til máls og undirstrikaði mikilvægi þess að standa saman að stefnumörkuninni sem fælist í svæðisskipulagi Austurlands.

Samráðsfundi svæðisskipulags lauk kl. 14:30 og þá var gert hlé á dagskrá.

Þingforseti hóf fundinn aftur kl. 15:00 og bauð fundamenn velkomna til seinni hluta dagskrár haustþings. Hann fór yfir atkvæðamagn á bak við hvert sveitarfélag. Því næst bauð hann formanni að flytja ávarp.

3) Ávarp formanns:

Fram kom hjá Einari að enginn heiðursgestur væri á haustþingi þetta árið eðli málsins samkvæmt.

Fjórir stafrænir stjórnarfundir hafa verið haldnir síðan á aðalfundi í sumar. Góð samstaða hefur verið í þeim aðstæðum sem verið hafa í samfélaginu á síðustu mánuðum. Einar Már bauð nýja þingmenn kjördæmisins velkomna til starfa. Þegar stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar verður birtur er mikilvægt að hann verði rýndur og brugðist við honum með hagsmuni Austurlands að leiðarljósi.

Einar ræddi tvö mál í tengslum við samgönguáætlun.

- Almenningsamgöngur og Strætisvagnar Austurlands. Þróun þessara mála ekki verið með þeim hætti sem vænst var og í raun skref verið stigin aftur á bak. Vegagerðin samþykkti ekki samninga sem fólu í sér áframhaldandi utanumhald og stýringu kerfisins hér á Austurlandi og varð niðurstaðan sú að Vegagerðin tekur við öllum samningum sem taka við um áramótin og skv. upplýsingum þá mun strætó bs. fara með hluta af umsýslu kerfisins. Að mati formanns er þetta áhugaverð þróun sérstaka í ljósi þess að enn á ný er búið að skipa af hálfu ráðuneytisins nefnd sem á að fara yfir almenningsamgöngur.
- Einar ræddi líka mikilvægi þess að Egilsstaðaflugvöllur verði skilgreindur sem varaflugvöllur númer 1 og byggður upp eins og vonir hafa staðið til á svæðinu. Nauðsynlegt er að þrýsta á aðgerðir í þessum efnunum.

Einar ræddi fyrirhugað háskólanám á Austurlandi sem reiknað er með að hefjist næsta haust. Einar áréttaði að mikilvægt væri að staðið yrði við gerða samninga.

Í máli sínu kom Einar einnig inn á Svæðisskipulag Austurlands og Byggðaáætlun - Störf án staðsetningar. Hann ræddi jafnframt Stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál en fundur var haldinn fyrir stuttu með stýrihópnum hér á Austurlandi. Mikilvægt er að áætlunin verði þróuð áfram.

Mikilvægt er að skoða áfram tekjustofn sveitarfélaganna en meiri fjölbreytni vantar í tekjustofnana. Gott dæmi um hvernig tekjustraumarnir lenda hjá ríkinu er ráðstöfun tekna af fiskeldi en þar þurfa sveitarfélögin svo að sækja um að fá úthlutað fjármagni í nauðsynlega innviðauppbýggingu.

Einar ræddi skipulagsvald sveitarfélaganna í fjörðum og strandsvæðum og lauk máli sínum með því að minna á hversu mikilvægt er að efla áfram sveitarstjórnarstigið.

Einar þakkaði gott samstarf í stjórn SSA og þakkaði starfsfólki sérstaklega.

Því næst gerði formaður grein fyrir menningarverðlaunum SSA 2021.

Menningarverðlaun SSA

Guðmundur Rafnkell Gíslason hlýtur Menningarverðlaun SSA árið 2021. Einar Már fór stuttlega yfir feril Guðmundar og óskaði honum til hamingju með viðurkenninguna. Að því loknu var birt kveðja frá Guðmundi.

Þingforseti þakkaði Einari Má fyrir hans yfirferð.

4) Ályktun Haustþings 2021 lögð fram

Þingforseti bauð formanni stjórnar að koma og mæla fyrir ályktun stjórnar sem lögð er fyrir þingið.

Einar Már Sigurðarson, formaður kynnti ályktun sem samþykkt var af stjórn SSA þann 18.nóvember 2021 til framlagningar á þinginu. Var ályktunni varpað á skjá.

Ályktun haustþings SSA 19. nóvember 2021

Haustþing SSA, haldið í fjarfundi þann 19. nóvember 2021, ítrekar mikilvægi þess að Alþingi og ríkisstjórn tryggi sveitarfélögunum aukna hlutdeild í tekjum hins opinbera, stuðli að öflugri innviðauppgjöngu á Austurlandi og einfaldi allt regluverk í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Þá felur haustþingið stjórn SSA að fylgja áfram eftir gagnvart Alþingi og ríkisstjórn, ályktunum fyrri þinga SSA um brýn uppbyggingar- og framfaraverkefni.

Þingforseti opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir og bað þá sem vildu fá orðið að gefa merki með því að rétta upp „rafræna hönd“.

5) Umræður

Enginn tók til máls.

Lokaði þingforseti mælendaskrá og gengið var til dagskrárliðarins um afgreiðslu mála.

6) Afgreiðsla mála

Þingforseti bað kjörna fulltrúa um að rétta upp rafrænu höndina til að greiða atkvæði um ályktun haustþings SSA 2021.

Ályktun haustþings SSA 2021 var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar því næst upp tillögu um að fundarritara og þingforseta yrði falið að ljúka frágangi fundargerðar.

Kallaði hann eftir því hvort einhver væri því á móti en svo reyndist ekki vera.



Þingforseti bauð formanni að taka til máls.

Einar Már Sigurðarson formaður tók til máls og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan og árangursríkan fund. Einnig þakkaði hann þingforseta og ritara ásamt öðru starfsfólki fundarins fyrir þeirra störf.

Að því búnu sleit Einar Már fundi kl. 15:33.